



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði 11. október 2019.

Íþrótta- og tómskundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar Geir Bjarnason

Efni: Beiðni um hækkun á þjónustusamningi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar óskar eftir leiðréttingu á þjónustusamningi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) við Hafnarfjarðarbæ. Árið 2016 hófst vinna við endurskoðun samninga við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði, þar á meðal þjónustusamning ÍBH. Í lok árs 2018 var hann tilbúinn og undirritaður í ársbyrjun 2019, en tók gildi frá 1. janúar 2018. ÍBH hafði látið uppreikna eldri samning til ársins 2018 og útskýrði með samtölum, breytingar og þróun sem hafði átt sér stað frá því hann var gerður til 2018. Eldri samningur var uppreiknaður kr. 15.000.000 og lagði ÍBH til að það yrði byrjað með þá upphæð 2018. Hafnarfjarðarbær ákvað að byrja með kr. 10.000.000 2018 sem kom stjórnendum ÍBH gífurlega á óvart, miðað við samtölin sem höfðu átt sér stað í aðdraganda hans. Var ljóst að samtölin og upplýsingagjöfin hafði ekki náð tilætluðum árangri vegna m.a. þekkingarleysis á málaflokknum. En um er að ræða m.a. fjölgun iðkenda sem kallar á aukna þjónustu, aukin endurskoðun og uppfærsla á verkferlum, aukin þjónusta til að mæta auknum kröfum frá samfélaginu, aukin þjónusta vegna örra skipta á sjálfbodaliðum út í félögum, vegna nýrra afreksmanna (eða upplýsingagjafar til forráðamanna þeirra), vegna nýrra stjórnarmanna ÍBH, stefnumótunarvinnu ÍBH og breytt stjórnarfyrikomulag í kjölfar hennar, miklar breytingar á Afreksmannasjóði ÍBH (í dag Afrekssjóði ÍBH), reglugerð, rafrænt umsóknarferli og hraðari afgreiðslu styrkja til aðildarfélaga ÍBH. Stofnun og lokun íþróttafélaga. Upptaka Nórákerfis skráningar- og greiðslukerfis vegna frístundastyrkja og umsjón / og uppsetning námskeiða (ef þarf) hjá minni aðildarfélögum. Stöðug upplýsingagjöf til almennings / aðildarfélaga / stafsmanna Hafnarfjarðarbæjar / annara íþróttasamtaka vegna reglna og reglugerða um styrki ÍBH, um samninga ÍBH, um uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi (og hvernig íþróttahreyfingin virkar) og frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar hverju sinni. Allt utanumhald, afgreiðsla, breytingar á samningi við styrktarsjóð yngri en 18 ára út frá samningi ÍBH, Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto. Öll skrifstofustörf, skipulagning allra funda, öll launa- og nefndarlaunamál og öll fjármál svo fátt eitt sé talið. Sáttafundir og lausn aðallega samskiptavandamála sem koma upp m.a. í íþróttamannvirkjum. Öll tímaúthlutun íþróttafélög og almenningshópar. Samvinna við Hafnarfjarðarbæ um tvo sjóði, börn af erlendum uppruna og stuðningsfulltrúar fyrir fatlaða inn í íþróttafélögum. Af þessari upptalningu má m.a. sjá mikla aukningu í sambandi við þjónustu Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem er í sífeldri þróun, en án hæfilegs stuðnings

Hafnarfjarðarbæjar þá er ekki hægt að veita viðunandi faglega þjónustu. Óskað er eftir hækkun á þjónustusamningi ÍBH í a.m.k. kr. 16.200.000 frá og með 1. janúar 2020.

F.h. stjórnar ÍBH,

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH

A handwritten signature in blue ink, appearing to be the name 'Elísabet Ólafsdóttir', written in a cursive style.